# Listasafn Reykjavíkur

listasafnreykjavikur.is

## Erró

Hafnarhús

1. september 2012 – 25. ágúst 2013



# Graphic Art 1949–2009

# Grafíkverk

# Erró Grafíkverk 1949–2009

Listasafn Reykjavíkur

Á sýningunni *Erró – Grafíkverk 1949-2009* gefur að líta verk unnin á pappír, sem listamaðurinn hefur gefið Listasafni Reykjavíkur allt frá árinu 1989. Þetta eru yfir 100 verk, stimpilþrykk, dúk- og tréristur, ætingar, litógrafíur, silkiþrykk auk stafræns prents. Þetta er yfirlitssýning um þróun grafíklistar Errós frá námsárunum til okkar daga. Verkunum er raðað eftir grafíktækninni sem notuð er og birtast á sýningunni í þeirri röð sem Erró kynntist henni.

Erró kynntist fyrst grafíklistinni í kennaradeild Handíða- og myndlistaskóla Íslands. Valgerður Briem kenndi honum stimpilþrykk veturinn 1949-50 og lagði hún áherslu á að þessi aðferð hentaði vel fyrir myndlistarkennslu barna þar sem hún var einföld og efnin ódýr. Gerð voru afþrykk af kartöflum, en einnig voru skornir út stimplar í línóleum dúk, sem bauð upp á meiri fjölbreytni. Veturinn 1950-1951 sótti Erró námskeið í dúkþrykki hjá Evu Maríu Feistel. Þetta var stutt námskeið og var unnið við fremur frumstæðar aðstæður þar sem engin pressa var til. Þrátt fyrir það ríkti mikill áhugi og metnaður meðal nemenda og Erró sjálfur þrykkti um 45 dúkristur.

Haustið 1952, hóf Erró nám við Listaakademíuna í Osló ásamt Braga Ásgeirssyni. Auk þess tóku þeir ráðleggingum frá norskum skólafélaga sínum og notfærðu sér daglega þriggja tíma hlé á kennslunni í Listaakademíunni, til að nema grafík í Listiðnaðarskólanum hjá Chrix Dahl, sem var þekktur kennari í tré-og málmristu. Þeir öðluðust hjá honum góða undirstöðuþekkingu í fyrrnefndum þrykkaðferðum og unnu af miklu kappi. Í bréfi til föður síns (22. nóvember) skrifaði Erró:

„Við teiknum öll gríðarlega mikið og í grafíkinni streyma myndirnar úr pressunni, ein af annarri".

Þennan vetur þrykkti Erró um fimmtán tréristur og ennfremur þrjátíu ætingar og vann líka við dúkskurð. Seinna fékk hann leiðbeiningar í gerð steinþrykks og gerði nokkrar myndir með þeirri aðferð.

Teikning var lykilatriði í akademísku námi Errós í Reykjavík og Osló en grafíkverk eru eðlilegt framhald af þessari þjálfun. Ekki er nóg með að grafíkverkin sem hann vann á þessum tíma byggðu gjarnan á undirbúningsteikningu, heldur eru þau nauðalík teikningu að því leyti að í báðum tilfellum eru verkin, bæði teikningar og grafík, yfirleitt unnin í svart-hvítu með hendinni sem býr til línur, strik og drætti. Þegar Erró fór aftur að búa til grafíkverk á árunum 1958 til 1962, þá sneri hann sér að litógrafíu eða steinþrykki, sem er fljótlegri og frjálslegri í vinnslu en æting eða trérista. Á þessum árum gerði hann nokkur verk þar sem línur og línuteikning voru afar mikilvæg. Hann vann að þessum steinþrykksmyndum á nokkrum verkstæðum, til dæmis hjá Fernard Mourlot, sem prentaði fyrir Matisse og Picasso í París. Erró teiknaði sjálfur á steininn og studdist trúlega við einhverjar fyrirliggjandi teikningar sem hann túlkaði á mismunandi frjálslegan máta. Jafnframt aflaði hann sér verkþekkingar hjá sérfróðum tæknimönnum á verkstæðunum með þau skref sem eftir voru þar til fullbúið verk blasti við.

Grafíkverk Errós þróuðust samhliða vinnu hans að málverkunum. Um 1963-1964 urðu mikilvæg þáttaskil í vinnu Errós að málverkum. Frá þeim tíma hætti listamaðurinn algjörlega og endanlega að búa til ný form og fígúrur og tók til við að skapa klippimyndir en hráefnið í þær hafa alltaf verið fjöldaframleiddar myndir. Þessar klippimyndir urðu síðan fyrirmyndir að málverkunum, hann málaði eftir þeim og stundum gerði hann líka grafíkmyndir samkvæmt beiðni. En stundum varð líka til nokkurs konar „milli-mynd", milli upphaflegrar klippimyndar og málverksins. Þetta var undirbúningsteikning þar sem útlínur klippimyndarinnar komu fram, einkum þegar myndefnið var ættað úr teiknimyndum. Færslan á klippimynd yfir í málverk eða undirbúningsteikningu gengur þannig fyrir sig að Erró vinnur þetta vitanlega með höndunum beint á strigann. Í tilfelli grafíkmyndanna hins vegar (steinprent eða silkiþrykk), þá eru það fagmenn á verkstæðum sem sjá um yfirfærsluna með aðstoð ljósmyndatækninnar. Síðan getur listamaðurinn gripið inn í þegar hann velur eða blandar litina. Það gerði Erró til dæmis þegar hann vann með steinprentaranum Peter Bramsen í París. Stundum bætir hann jafnvel sjálfur viðbótarlitum við til stuðnings eins og til dæmis þegar hann vann að *Uglunni (La Chouette)* og fleiri steinþrykkjum sem Franck Bordas framleiddi í París. Í vinnslu á silkiþrykkmyndum kemur það stundum í hans hlut að klippa myndbútana sundur eftir mismunandi litum þeirra. Einnig kemur fyrir að hann leyfi

hendingunni að fá hlutverk í vinnslunni og láti þrykkjarann um að velja litina. En ævinlega eru grafíkverkin unnin að öllu leyti undir stjórn Errós, hann skrifar ávallt undir fjöldaframleiðslu þeirra og undirskrift hans staðfestir þannig öll eintök myndanna.

Í huga Errós er grafíkmynd og málverk í svipuðum innbyrðis tenglsum og lifandi tónlist annars vegar og tónlist sem búið er að taka upp hins vegar, dásamleg aðferð til þess að dreifa myndverkum þannig að allur almenningur fái aðgang að þeim. Sem aðferð við fjölföldun fannst honum stafræna grafíkin strax upp úr aldamótunum 2000 hafa gríðarmikla kosti fram yfir hina gömlu aðferð og hún tók loks sæti gamla silkiþrykksins í huga hans. Stafrænar grafíkmyndir Errós eru unnar með því að nota skjöl úr stafrænum gagnabanka en þangað er búið að flytja klippimyndir, teikningar og málverk. Stafræna tæknin skilar myndefninu nákvæmlega eins, stundum á öðrum skala, en afraksturinn er einstaklega trúr upphaflegu myndinni hvað varðar liti og blæbrigði þeirra. Þessar grafísku prentanir eru í raun í eðli sínu ekki svo langt frá grafíkmyndum sem unnar eru með ljósmyndatækninni sem silkiþrykk eða steinþrykk, mynd sem byggð er á verki sem þegar er til sem klippimynd, teikning og jafnvel málverk í nokkrum tilfellum. Þessi grafíkverk eru óaðskiljanlegur hluti af höfundarverki Errós í heild sinni og væru ekki til án þeirra óteljandi fjöldaframleiddu mynda sem list hans leitar stöðugt í og byggist í raun á. Með stafrænum grafíkverkum setur Erró á vissan hátt spurningarmerki við hugmyndina um hið „einstaka myndverk", handgert og ekki fjölfaldanlegt, grimmilega varið af listaheiminum. Þetta er afar róttækt spurningarmerki hjá honum og jafnframt er í því einstakur húmor.

**Danielle Kvaran, sýningarstjóri**

Sigurður Pálsson þýddi úr frönsku





# Erró Graphic Art 1949–2009

The exhibition *Erró – Graphic Art 1949-2009* consists of works on paper, which the artist has donated to the Reykjavík Art Museum of Art over the years since 1989. They comprise more than 100 works: stamp prints, linocuts, woodcuts and etchings, lithographs, silkscreen prints and digital prints, presenting an overview of how Erró's graphic art has evolved from his student years until the present day. The works are arranged by graphic techniques, which are presented in the exhibition in the order that Erró began to use them.

Erró's first experience of graphic art was during his teacher-training at the Icelandic College of Arts and Crafts (now Iceland Academy of the Arts). He studied stamp-print technique in 1949-50 with Valgerður Briem; she stressed that this method was suitable for use in teaching children art, as it was simple, and the materials were inexpensive. In addition to potato prints, the students cut lino stamps, which offered more diversity. In 1950-51 Erró attended a linocut course taught by Eva Maria Feistel; the course was short, and the facilities rather primitive, as no press was available. Nonetheless the students were keenly interested and inspired by the course; Erró made about 45 linocuts.

In the autumn of 1952 Erró entered the Oslo Academy of the Arts in Norway, along with Bragi Ásgeirsson. In addition to their studies at the Academy, the two Icelanders followed the example of a Norwegian fellow-student, and made use of a three-hour daily break in the Academy's timetable to attend lessons in graphic art at the National Academy of Craft and Art Industry taught by Chrix Dahl, who was a well-known teacher of woodcuts and etching. They received a good grounding in those techniques, which they pursued with enthusiasm. In a letter to his father on 22 November Erró wrote:

"We all draw an enormous amount, and in graphic art pictures pour out of the press, one after another."

During that academic year Erró made about fifteen woodcuts and thirty etchings, in addition to linocuts. He later received studio lessons in lithography, and made a number of pictures using that technique.

Drawing is a vital element of the academic grounding Erró received in Reykjavík and in Oslo, and graphic art is a natural continuation of that apprenticeship. Not only are the graphic works made at that time impressed upon a preparatory drawing; executed mainly in black and white, they arise from the same gestures as a drawing: the hand, delineating lines and features. When Erró returned to the graphic form in the period 1958-62, he turned to the lithograph – quicker and more spontaneous than engraving; and he made several pieces with striking linear quality. For that undertaking, he worked at various lithographic studios, such as that of Fernand Mourlot, printer of Matisse and Picasso in Paris. Erró drew straight onto the stone, probably working from preliminary sketches, more-or-less freely interpreted, but to this was added the skill of expert technicians, for the latter stages of the process of bringing the work to fruition in the final print.

Erró's graphic art evolved in tandem with his painting, which reached a decisive turning point in 1963-4. From that time the artist effectively and finally renounced the invention of forms and figures. Using mass-produced images, he created collages which served as models for paintings, and also, on occasion and sometimes to order, as models for graphic works. Sometimes, however, between the initial collage and the final work, there is a preparatory drawing which repeats the outlines of the collage, especially in cases where material is borrowed from comic strips. But whereas in painting the transfer of the collage or the intermediary drawing to canvas was carried out by Erró by hand, in the case of graphic works (lithograph or silkscreen) the transfer was made by printers, generally using photomechanical processes. The artist could then intervene in the selection or the colour-mix, as he did in his collaboration with lithographer Peter Bramsen (Paris) – or even directly apply accents of colour himself, as he did in *La Chouette* and other lithographs made with Franck Bordas (Paris). In silkscreen printing he could cut out the films for each colour. But on other occasions he opted in favour of chance, and left the choice of colours to the printer. In every case the graphic works were made under the control of Erró, who signed the final proofs, and they are authenticated by his signature and certification.

For Erró graphic art is to painting what audio recording is to music: a powerful medium for disseminating his work, making it accessible to a mass public. As a method of reproduction and production of multiples, the digital print impressed him at the turn of the 21st century as presenting great advantages, and ultimately it superseded silkscreen and other graphic techniques in his work. Executed in Erró's case on the basis of a digitised existing work of art – whether a collage, a drawing or a painting – the digital print is an identical copy, generally in a different format, reproducing the original with extraordinary accuracy in terms of colour and gradation. In principal, such digital prints differ not at all from the photographic-based prints made by the artist as screenprints or lithographs, based on an existing work such as collage, drawing or painting in some cases. They fit in perfectly among an oeuvre which would not exist without the infinite variety of mass-produced images, which Erró has inexhaustibly appropriated. Radically, but not without humour, through the digital print, Erró calls into question the idea of a unique work of art, made by hand and irreproducible, which is defended tooth and claw by the art market.

**Danielle Kvaran, curator**

Translation from Icelandic and French by Anna Yates

# Stutt yfirlit í tímaröð



**Varðandi grafík**

**1932** Guðmundur Guðmundsson, Erró, fæddur 19. júlí í Ólafsvík.

**1949-1952** Stundar nám við Handíða- og myndlistaskólann í Reykjavík. Æfir einkum og sér í lagi pappírsúrklipputækni og gerir tilraunir með dúkristu og stimpilþrykk.

**1952-1954** Lýkur námi við Listaakademíuna í Osló. Sækir tíma í tréristu og ætingu við Ríkislista- og handverksskólann, kemst einnig í kynni við steinprent.

**1954-1956** Sækir Listaakademíuna í Flórens og Mósaíkskólann í Ravenna. Tekur upp nafnið Ferró. Heldur fyrstu einkasýningu sína á málverkum í Galleria Montenapoleone í Milanó árið 1956.

**1958** Býr til klippimyndateikningarnar fyrir syrpuna *Radioactivity (Geislavirkni)* í borginni Jaffa í Ísrael. Steinprentið *Rapace au pieu (Mitt fólk með Grünewald)* verður til í Feneyjum þegar listamaðurinn dregur mynd á steininn eftir skissu sem sameinar tjáningarríkar fígúrur hans sjálfs og púka Grünewalds.

**1959** Sest að í París árið 1958 og kynnist þar áhrifamönnum í súrrealistahreyfingunni. Vinnur nokkur hundruð klippimyndir. Margar þeirra verða fyrirmyndir málverka, að hluta eða í heild.

**1961** Heldur einkasýningu á málverkum í Galleria del Cavallino í Feneyjum. Þar er gert steinþrykk eftir rissi á stein, mynd sem byggist á eldri teikningu tengdri myndasyrpunni *Vacances en Suisse*.

**1963** Kemur til New York um miðjan desember. Hættir endanlega að skapa sjálfur form og fígúrur. Tekur fjöldamenninguna í þjónustu sína og byrjar á klippimyndasyrpu sem verður, með aðstoð myndvarpa til stækkunar, að fyrirmynd málverka ársins 1964.

**1965** Hér eftir eru steinprent gerð með aðstoð Peter Bramsen, prentara og forstjóra Atelier Clot, Bramsen & Georges í París. Grafíkin er nú grundvölluð á samklippi sem endurgert er með ljósmyndaþrykki.

**1968** Meðan á stúdentauppreisnunum stendur teiknar hann, en merkir sér ekki, myndir fyrir hið vinsæla grafíkverkstæði Listaakademíunnar í París, þar sem framleidd eru pólitísk veggspjöld gerð með sáldþrykki.

**1969** Claude Givaudan Gallery í París sýnir „3515 Erró" þar sem sjá má klippimyndir og steinprent sem þrykkt voru í Atelier Clot, Bramsen & Georges í París.

**1971** Gerir sáldþrykkssyrpu fyrir sýninguna „Erró – grafík og klippimyndir" í Galerie Kerlikowsky und Kneiding í München.

**1972** Vinnur ásamt Peter Bramsen að *Made in Japan* möppunni sem samanstendur af sjö steinprentum.

**1974** Gerir steinprentið *Laxness* fyrir Nóbelsverðlaunamyndamöppu sem Galerie Börjeson í Malmö gaf út.

**1976** Gerir sáldþrykk sem er byggt á myndum af Robert Lebel, Hopi Lebel og Max Ernst vegna útgáfu *La Saint-Charlemagne (Heilags Karlamagnúsar)*, sjálfsævisögu Roberts Lebel. Grafíkverk eftir Erró, Dali, Varasely, Yvaral, Calder og fleiri listamenn eru sýnd á Kjarvalsstöðum.

**1978** Sýnir grafíkverk ásamt málverkum og samklippi hjá Claude Givaudan útgáfunni í Genf.

**1979** Tekur þátt í grafíksýningu Clot, Bramsen & Georges í Kunstforeningen í Kaupmannahöfn og Henie Onstad Kunstsenter í Høvikodden í Noregi.

**1982** Vinnur að beiðni framleiðenda Alfa Romeo bifreiða, gerir steinprentið *Rómeó og Júlía* sem Franck Bordas prentar.

**1986** Gerir ásamt Franck Bordas steinprentin *Löðrungurinn og martröð* eftir línuteikningum.

**1988-1989** Gerir steinprentið *Robespierre* fyrir samtímalistasafn Val-de-Marne héraðs. Býr einnig til silkiþrykkið *Landslag byltingarinnar* að ósk franska menningarmálaráðuneytisins í tilefni af 200 ára byltingarafmælinu.

**1991** Tekur þátt í sýningunni samtímagrafík í fagurlistasafninu í Lons-le-Saunier. Gallerí Nýhöfn í Reykjavík heldur grafíksýninguna „Erró og vinir hans". Vinnur að tíu silkiþrykkjum fyrir Lille-verkefnið sem Ateliers Storme í Lille sér um að prenta.

1992 Einkasýning á silkiþrykki í Galerija Graficki kolektiv í Belgrad. Býr til silkiþrykkið *Bogmaður* fyrir *Suite Olympic Centennial (Ólympíuleikarnir í hundrað ár)*, styrkt af Alþjóða ólympíunefndinni.

1993 Einkasýning á grafíkverkum fyrir Norrænu ráðherranefndina í Kaupmannahöfn. Galleri GKM Siwert Bergström í Malmö sýnir „Erró málverk – grafík" þar sem sjá má silkiþrykk frá galleríinu.

1996 Tekur þátt í fjórða alþjóðlega grafíktvíæringnum í Belgrad. Gerir tvö steinprent sem Atelier Clot, Bramsen & Georges þrykkir fyrir samtímalistasafn Novotel hótelanna.

1998 Gerir silkiþrykkið *Mondial 1998* fyrir samtímalistasafn Val-de-Marne héraðs.

2001 Vinnur að *The Femmes fatales (Tálkvendunum)*, syrpu sáld- og steinprents að beiðni Galerie Ernst Hilger, grafíkverkstæðið Carini í Arezzo á Ítalíu annast þrykkið. Sú samvinna leiðir til steinprentsmöppunnar *Síðasta heimsókn Maós til Feneyja*, sem verður til 2002-2003.

2003 Tekur þátt í „Popplist, grafík og ný fígúrasjón" í Samtímalistsafninu í Belgrad. Gerir tilraunir með stafræna prentun að tillögu Christian Bramsen forstjóra Atelier Clot, Bramsen & Georges í París.

2006 Einkasýning á silkiþrykki og steinprenti í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.

2007 Sýnir stafræn prent í Samtímalistamiðstöð Vincent Mengin í Ravine des Cabris á Réunion eyju í Indlandshafi.

2009 Tekur þátt í grafíksýningunni „Carte Blanche handa Jean Seisser" í Listahúsinu í Bagneux, París.

2012 Yfirlitssýning á grafíkverkum Errós í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.

# Brief Chronology

**In regard to printmaking**

1932 Erró, born Guðmundur Guðmundsson in Ólafsvík, Iceland, on 19 July.

1949-1952 Studies at the Icelandic School of Arts and Crafts in Reykjavík. Works particularly on the technique of paper cut-outs and experiments with linocut and stamp printing.

1952-1954 In Oslo, completes his training at the National Academy of Fine Arts and takes a class in woodcut and etching at the Academy of Craft and Art Industry, also gets acquainted with lithography.

1954-1956 Attends the Academy of Fine Arts in Florence and the Mosaic Art School in Ravenna. Adopts the name of Ferró. First solo painting exhibition at Galleria Montenapoleone in Milan in 1956.

1958 In Jaffa, executes the drawings-collages of the *Radioactivity* series. Creates the lithograph *Rapace au pieu* in Venice by drawing on the stone an image inspired by a preliminary sketch combining Grünewald's demons with his own expressive characters.

1959 In Paris, where he has settled in 1958, meets figures from the Surrealist movement. Produces some hundred collages, a number of which form the partial or complete template for paintings.

1961 Solo painting exhibition at Galleria del Cavallino in Venice, prints a lithograph drawn by him on stone and based on a previous drawing related to his *Vacances en Suisse* series.

1963 In New York from mid-December, abandons definitely the idea of inventing forms and figures and employs mass-culture imagery to start a series of collages which, enlarged using an episcope, will become models for his paintings in 1964.

1965 From this date, works on lithographs

essentially with Peter Bramsen, printer and director of Atelier Clot, Bramsen & Georges in Paris. Collages reproduced in photolithography now become the basis of the prints.

**1968** During the events of May, draws anonymously for the popular workshop of the Paris School of Fine Arts that produces political posters by using the technique of silk-screening.

**1969** In Paris, the Claude Givaudan Gallery presents "3515 Erró," which includes collages and lithographs printed at Atelier Clot, Bramsen & Georges, Paris.

**1971** Makes series of serigraphs for Galerie Kerlikowsky und Kneiding in Munich, which organizes the exhibition "Erró – Grafiken und Collagen."

**1972** Works on the seven lithographs *Made in Japan* in collaboration with Peter Bramsen.

**1974** Makes the lithograph *Laxness* for the Nobel Prize portfolio published by Galerie Börjeson in Malmö.

**1976** Creates a serigraph based on photos of Robert Lebel, Hopi Lebel and Max Ernst in relation with the publication of Robert Lebel's autobiography *La Saint-Charlemagne.* Prints done by Erró, Dali, Varasely, Yvaral, Calder and other artists are shown at the Kjarvalsstaðir.

**1978** In Geneva, exhibits prints together with paintings and collages at the Claude Givaudan press.

**1979** Participates in the Clot, Bramsen & Georges prints exhibition at Kunstforeningen in Copenhagen and Henie Onstad Kunstsenter in Høvikodden.

**1982** Commissioned by the manufacturer of cars Alfa Romeo, executes a lithograph, *Romeo and Giulietta,* printed by Franck Bordas.

**1986** Makes two lithographs with Franck Bordas using line drawings as starting point, *The Slap and Nightmare.*

**1988-1989** Creates the lithograph *Robespierre* for the Val-de-Marne's County collection of contemporary art and then composes the silkscreen *Landscape of the Revolution* at the request of the French Ministry of Culture for the bicentenary of the French Revolution.

**1991** Takes part in the exhibition Contemporary prints at the Museum of Fine Arts of Lons-le-Saunier. The Gallery Nýhöfn in Reykjavik organizes the prints exhibition "Erró and his friends." Works on the Lille portofolio of ten serigraphs printed at Ateliers Storme, Lille.

**1992** Solo silkscreen exhibition at Galerija Graficki kolektiv in Belgrade. Creates a silkscreen, *Archer,* for the *Suite Olympic Centennial* sponsored by the International Olympic Committee.

**1993** Prints solo exhibition at the Nordic Council of Ministers in Copenhagen. The Galleri GKM Siwert Bergström in Malmö presents "Erró Målningar – Grafik," which includes the gallery's serigraph editions.

**1996** Participates in the 4th International Biennial of graphic art in Belgrade. Makes two lithographs printed by Atelier Clot, Bramsen & Georges for the Novotel Hotels' collection of contemporary art.

**1998** Makes the silkscreen *Mondial 1998* for Val-de-Marne's County collection of contemporary art.

**2001** Works on *The Femmes fatales* suite of serigraphs and lithographs commissioned by Galerie Ernst Hilger and printed by Stamperia Carini (Arezzo). This collaboration gives rise to the *Mao's Last Visit to Venice* lithographs portfolio in 2002-2003.

**2003** Takes part in "Pop art Graphics and New Figuration" at the Museum of Contemporary Art, Belgrade. Experiments digital print on the advice of Christian Bramsen, director of Atelier Clot, Bramsen & Georges in Paris.

**2006** Solo exhibition of serigraphs and lithographs at Reykjavik Art Museum – Hafnarhús.

**2007** Shows digital prints at the Vincent Mengin Contemporary Art Center, Ravine des Cabris (Reunion Island).

**2009** Participates in the prints exhibition "Carte blanche to Jean Seisser" at the Arts House in Bagneux.

**2012** Retrospective exhibition of Erró's prints at Reykjavik Art Museum – Hafnarhús.